

Miðvikudaginn 6. október 1976.

Nr. 163/1976. **Guðrún Einarsdóttir**

gegn

Birgi Þorvaldssyni og

Unnsteini Beck skiptaráðanda.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómaraarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson
og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Kröfu um, að dómari víki sæti, synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. maí 1976 hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, sem var uppkveðinn 14. apríl 1976, en sóknaraðili fékk vitneskju um 28. s. m. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að Unnsteinn Beck borgarfógeti víki sæti sem skiptaráðandi við skipti á húi hennar og fyrrverandi eiginmanns hennar, Birgis Þorvaldssonar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að Unnsteinn Beck skiptaráðandi víki sæti í máli þessu. Þá krefst hún og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja Birgis Þorvaldssonar er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Unnsteinn Beck skiptaráðandi hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að meðferð skiptaráðanda á húi hennar og varnaraðilja Birgis Þorvaldssonar sé með þeim hætti, að hún geti ekki treyst því, að málið hljóti „eðlilega og hlutlæga meðferð hjá honum“. Ekki bera gögn máls með sér, að málsástæða þessi hafi við rök að styðjast. Eru ekki komin fram efnisrök, er leiði til þess, að skiptaráðanda beri að víkja sæti í máli þessu, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Af hálfu varnaraðilja Birgis Þorvaldssonar er þess krafist,

að tiltekin ummæli í greinargerð sóknaraðilja fyrir Hæstarétti verði ómerkt og að sóknaraðili verði látinn sæta sektum fyrir þau. Ekki þykja efni til að taka kröfu þessa til greina.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja Birgi Þorvaldssyni 15.000 krónur í kærumálskostnað.

Skjöl máls þessa bártust Hæstarétti 3. september 1976. Hefur sú tóf, sem orðið hefur á, að skiptaráðandi sendi Hæstarétti máls skjölin, ekki verið nægilega réttlætt.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðrún Einarsdóttir, greiði varnaraðilja Birgi Þorvaldssyni 15.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 14. apríl 1976.

Ár 1976, miðvikudaginn 14. apríl, var kveðinn upp í skiptarétti Reykjavíkur svofelldur úrskurður um kröfu Guðrúnar Einarsdóttur, Hjarðarhaga 29 hér í borg, um, að hinn reglulegi skiptaráðandi, Unnsteinn Beck borgarfégeti, víki sæti í búskiptum hennar og Birgis Þorvaldssonar, Safamýri 42, sem hér er til skiptameðferðar vegna hjónaskilnaðar þeirra.

Búskipti þessi voru tekin til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur 22. febrúar 1973. Síðan hefur meðferð búskipta verði haldið áfram án ástæðulausra tafa, og hafa verði haldnir í því um 30 skiptafundir, að uppskriftargerðum meðtöldum, auk þinghalda í sambandi við sérstök dómsmál.

Með bréfi, dags. 14. október sl., bar lögmaður Guðrúnar Einarsdóttur fram þá kröfu, að skiptaráðandi viki sæti í málinu. Hvorki rökstuðningur né greinargerð fylgdu þessari kröfu. Í bréfi, dags. 28. október, kvartar Guðrún Einarsdóttir um, að henni hafi ekki tekist að fá skiptafundi út af kröfunni á tímabilinu 20.—27. þess mánaðar, en á því tímabili mun lögmaður hennar ekki hafa verið í borginni eða a. m. k. ekki getað sótt skiptafundi. Eins og þá stóð á, var enginn grundvöllur fyrir að ræða kröfuna, þar sem engin grein hafði verið gerð fyrir því, á hverju hún byggðist, og

Þess var ekki að vænta, að slík greinargerð fengist að lögmanni þeim fjarstöddum, sem setti fram kröfuna.

Skiptaráðandi tilkynnti hins vegar Hirti hæstaréttarlögmanni Torfasyni, lögmanni Guðrúnar, skömmu eftir viðtöku bréfsins frá 14. október, að nauðsynlegt væri að fá nánari greinargerð um kröfuna, ef ætlast væri til, að henni yrði sinnt. Þessi tilmæli voru ítrekuð í bréfi, dags. 26. nóvember, dskj. nr. 3. Greinargerð barst svo frá Guðrúnu Einarsdóttur, dags. 23. febrúar sl., og var hún þingfest 25. sama mánaðar.

Af greinargerðinni er ekki auðvelt að ráða, hvað skiptaráðanda er í einstökum atriðum gefið að sök. Búið hefur að vísu verið lengi til skiptameðferðar, en meðferð þess hefur ekki strandað eða tafist vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis skiptaráðanda. Aðalástæðurnar fyrir því, að búskiptin hafa gengið stirðlega, eru margendurteknar samkomulagstilraunir lögmannna aðiljanna utan dóms svo og meðferð dómsmáls út af hlutabréfaeign málsaðilja í h/f Runtal — ofnum, sem hófst 25. sept. 1973. Úrskurður skiptaréttar í því máli féll 26. júlí 1974 og hæstaréttardómur 8. desember sl.

Af greinargerð Guðrúnar Einarsdóttur verður ráðið, að henni finnst það helst aðfinnsluvert við meðferð búans, að ekki hafi verið farið samkvæmt ýmsum kröfum hennar varðandi búskiptin, og mun þar fyrst og fremst vera átt við óskir hennar um, að skiptaráðandi svipti fyrrverandi maka hennar umráðum á hlutafélaginu Runtal — ofnum h/f, en hann er þar stjórnarformaður og framkvæmdastjóri samkvæmt löglegu umboði hluthafafundar. Guðrún Einarsdóttir hefur þau ár, sem skiptin hafa staðið, jafnan sótt hluthafafundi í félaginu, eða a. m. k. aðalfundi þess, og farið þar með atkvæði í samræmi við skráða hlutafjäreign sína. Eftir að tilmæli hennar komu fram um, að skiptaráðandi hlutaðist til um rekstur félagsins, hefur skiptaráðandi fengið í hendur reikningsskil (áramótareikninga) félagsins og auk þess sótt hluthafafund og tekið dómskýrslur starfsmanna um rekstur þess og afkomu. Gögn þessi virðast ekki gefa til kynna, að hagar félagsins eða rekstur þess sé með þeim hætti, að hagsmunir hluthafa séu fyrir borð bornir. Skiptaráðandi hefur því ekki séð ástæðu til að hafa afskipti af rekstri félagsins né aðgerðum löglega kjörnum forsvarsmanna þess, enda hefur Guðrún Einarsdóttir ekki fært fram nein haldbær gögn um mistök í rekstri félagsins. Þess má einnig geta, að eftir að hæstaréttardómur féll um hlutafjäreign þeirra Guðrúnar Einarsdóttur og Birgis Þorvaldssonar í h/f

Runtal — ofnum, hefur hlutabréfum verið skipt milli þeirra í samræmi við hjúskapareign hvors um sig.

Önnur ástæða, sem Guðrún Einarsdóttir byggir kröfu sína á, er, að ekki sé sinnt kröfu hennar um rannsókn á fjárhag og fé-sýslu Birgis Þorvaldssonar, eftir að samvistum þeirra lauk. Þessar kröfur eru almenns eðlis um rannsókn á högum og athöfnum Birgis og falla utan verksviðs skiptaréttarins um búskiptin. Einstök atriði í þessu samband hefur aldrei verið synjað að taka til meðferðar, ef líkur eru leiddar að, að þau hafi þýðingu um búskiptin. Á þetta við t. d. um að ljúka rannsókn varðandi nokkur minni háttar ágreiningsatriði um, hvort allir lausafjármunir búsins hafi verið tíundaðir við uppskrift. Dómskýrslur voru teknar um það atriði, þegar eftir að kunnugt varð um ágreininginn, og aðiljum hefur verið margsinnis tjáð, að skiptaráðandi sé viðbúinn að taka við frekari gögnum varðandi þetta atriði, þegar er þau verða fram borin.

Að framangreindu athuguðu sér skiptaráðandi ekki ástæðu til þess að verða við þeirri kröfu Guðrúnar Einarsdóttur, að hann víki sæti við framangreind búskipti.

Vegna þess hve dómkrafan er óljós lögð fyrir, var vandkvæðum bundið fyrir dómarann að ráða í, hvernig grípa skyldi á henni. Hefur þetta ásamt miklum embættisönnum dómarans valdið drætti á uppkvaðningu úrskurðarins.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu Guðrúnar Einarsdóttur um, að hinn reglulegi skiptaráðandi víki sæti við skipti á félagsbúi hennar og Birgis Þorvaldssonar, er hafnað.